

Samantekt

HS Veitur hf. – HSVE 08 1

Nóvember 2009

1. Almennt

Vakin er athygli á því að samantektin, ásamt verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu mynda saman lýsingu. Samantekt þessi veitir upplýsingar um megineinkenni og áhættur sem tengjast útgefanda, ábyrgðaraðila og verðbréfunum sjálfum. Ber fjárfestum því að lesa samantektina sem kynningu á lýsingunni, en ákvörðun um fjárfestingu skal tekin á grundvelli lýsingarinnar í heild.

Einnig er vakin athygli á því að ef farið er með kröfu til dómstóla sem varðar upplýsingar í lýsingunni gæti fjárfestir sem stefnir, þurft að greiða kostnað við þýðingu á lýsingu áður en málarekstur hefst og að einstaklingar eða lögaðilar, sem útbúið hafa samantektina og sóttu um staðfestingu á henni hjá Fjármálaeftirlitinu (FME), geta sætt skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum, en þó einungis ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar.

2. Áhættuþættir

Ýmsir áhættuþættir tengjast fjárfestingu í skuldabréfum útgefanda og geta haft áhrif á getu hans til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt útgáfu skuldabréfanna og/eða skipta máli varðandi mat á þeirri áhættu er tengist bréfunum. Ber að nefna áhættu vegna samningsskuldbindinga, markaðsáhætta, skuldaraáhætta, seljanleikaáhætta, vaxtaáhætta, gjaldmiðlaáhætta, rekstraráhætta, stjórnunaráhætta, starfsmannaáhætta, áhætta tengd fjárfestingum í öðrum félögum, verðbólguáhætta, lausafjár- og fjármögnunaráhætta, lagaleg áhætta og áhætta tengd krossábyrgð.

3. Almennt um skuldabréfin

Útgáfudagur

Bréfin voru gefin út þann 15. desember 2008 í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf.

Auðkenni og gjaldmiðill:

Auðkenni bréfanna er HSVE 08 1 og ISIN auðkenni er IS0000018877. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum

Tegund bréfa, greiðsla afborgana og gildistími

Skuldabréfin eru í 1. flokki 2008 og eru vaxtagreiðslubréf til 10 ára. Flokkurinn er opinn. Höfuðstóll skuldarinnar er greiddur í einni afborgun í lok líftíma bréfanna, þann 15. desember 2018. Vextir eru reiknaðir frá 15. desember 2008 og eru greiddir árlega, alls 10 gjalddagar, fyrst þann 15. desember 2009 og svo árlega eftir það allt til ársins 2018. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga vaxta og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga. Höfuðstóll skuldarinnar er reiknaður út áður en vextir eru reiknaðir. Skuldabréfin eru án uppgreiðsluheimildar.

Fjárhæð og heimild útgáfu

Stjórn útgefanda samþykkti skuldabréfaútgáfu á fundi þann 1. desember 2008 fyrir 6.000.000.000 kr. að nafnvirði. Nú þegar hafa verið útgefin og seld skuldabréf samtals að nafnverði 6.000.000.000 kr. til HS Orku hf.

Nafnverðseiningar

Nafnverðseining bréfanna er 5.000.000 kr. og eru bréfin alls 1.200 talsins.

Vextir og verðtrygging

Skuldabréfin bera 5,30% árlega vexti af höfuðstól og reiknast samkvæmt 30/360 dagareglu. Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysliverðs, sem er reiknuð og birt af Hagstofu Íslands, skv. lögum nr. 12/1995, til verðtryggingar með grunnviðmiðun 322,3 stig í október 2008.

Gjaldfellingarákvæði

Gjaldfellingarákvæði skuldabréfaflokksins eru nokkur og má þar nefna kvaðir um lágmarks eiginfjárhlutfall, að útgefandi sinni upplýsingaskyldu gagnvart kröfuhöfum og að útgefandi stofni ekki til skulda í annari mynt en þeirri sem rekstrarkostnaður og tekjur eru í. Kröfuhafar hafa einnig rétt á að gjaldfella skuldina verði breyting á grundvallar rekstrarþáttum félagsins og ef einkaleyfi útgefanda skv. lögum nr. 10/2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, verði fellt niður. Kröfuhafar hafa einnig rétt á að gjaldfella skuldina verði breytingar á lögum sem leiða til breytinga á eignarhaldi útgefanda og ef meirihlutaeign eignarhalds útgefanda er ekki lengur hjá ríki, sveitarfélögum og/eða fyrirtækjum, sem eru alfarið í eigu þessara aðila.

4. Almenn um útgefanda

Lögheiti útgefanda er HS Veitur hf., kt. 431208-0590, til heimilis að Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ. Viðskiptaheiti útgefanda er HS Veitur. Félagið er hlutafélag og skráð sem slíkt á Íslandi árið 2008. Félagið starfar eftir lögum um hlutafélög nr. 2/1995. Stofndagur félagsins er 1. desember 2008.

Í maí 2008 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði. Samkvæmt lögunum bar Hitaveitu Suðurnesja hf. að aðskilja formlega í sérstökum félögum einkaleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi. Lögformlegur aðskilnaður HS Orku hf. og HS Veitna hf. miðast við 1. júlí 2008 en miðað var við að skiptingin væri að fullu komin til framkvæmda hinn 31. desember 2008 eins og segir í skiptingarátun félagsins.

Starfsemi útgefanda er tengd starfsemi fyrrum Hitaveitu Suðurnesja hf. en útgefandi tekur við rekstri á dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni af Hitaveitu Suðurnesja hf. ásamt fleiru. Nánari útlistun á þeim rekstrareiningum sem runnu inn í HS Veitur hf. við uppskiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf. má finna í fylgiskjali 1 í skiptingarátun.

4.1. Saga og þróun

Á fundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 10. september 1973 var samþykkt að kjósa þrjú menn úr stjórninni í nefnd til að undirbúa stofnun félags um byggingu og rekstur hitaveitu við Svartsengi. Hlaut hún nafnið Hitaveitunefnd Suðurnesja. Í framhaldi af þessum undirbúningi var síðan gengið frá stofnun Hitaveitu Suðurnesja. Lög um hana voru samþykkt á Alþingi 18. desember 1974 og þau síðan staðfest af forseta Íslands 31. desember 1974 (Lög nr. 100 frá 31. desember 1974).

Árið 1976 var merkisár í sögu Hitaveitu Suðurnesja. Lokið var við lagningu 1. og 2. áfanga dreifiveitu í Grindavík og aðveituæðin til Grindavíkur, Grindavíkuræð, fullfrágengin. Þann 17. maí 1985 var undirritaður samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Hitaveitu Suðurnesja um sölu á eignum Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum til Hitaveitunnar og tók hann gildi 1. júlí 1985. Í júlí mánuði sama ár var undirritað samkomulag milli Hitaveitu Suðurnesja og sveitarfélaga á Suðurnesjum um sameiningu rafveitna á Suðurnesjum og Hitaveitu Suðurnesja.

Árið 2001 varð samruni Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar. Við þennan samruna var Hitaveitu Suðurnesja, fyrst íslenskra orkufyrirtækja, breytt í hlutafélag. Á árinu 2002 sameinuðust Bæjarveitur Vestmannaeyja við Hitaveitu Suðurnesja hf. og á árinu 2003 urðu sameiningar við rafveituhluta Selfossveitna og við vatnsveitu Reykjanesbæjar. Árið 2004 keypti Hitaveita Suðurnesja hf. vatnsveitu Garðs og var hún sameinuð rekstri félagsins. Árið 2006 tók Hitaveita Suðurnesja hf. við umsjón með veitukerfum Keflavíkurflugvallar.

Síðustu 10 ár hafa verið viðburðarrík í sögu Hitaveitu Suðurnesja hf. Orkuframleiðsla í virkjunum félagsins í Svartsengi og við Reykjanesvirkjun hefur verið 12 földuð og aukin um 160 MW á þessum tíma. Alls er uppsett rafafli í þessum tveimur virkjunum um 175 MW.

Á árinu 2008 var Hitaveitu Suðurnesja hf. skipt upp í annars vegar HS Veitur hf. og hins vegar HS Orku hf. eins og fram kemur í 4 kafla hér að ofan.

4.2. Stjórnendur HS Veitna hf.

Í stjórn HS Veitna hf. sitja:

Árni Sigfússon, formaður stjórnar

Þór Gíslason, meðstjórnandi og varaformaður stjórnar

Björk Guðjónsdóttir, meðstjórnandi

Davíð Stefánsson, meðstjórnandi

Glúmur Jón Björnsson, meðstjórnandi

Guðbrandur Einarsson, meðstjórnandi

Eyjólfur Sæmundsson, meðstjórnandi

Í framkvæmdastjórn HS Veitna hf. Sitja:
Júlíus Jón Jónsson, forstjóri
Albert L. Albertsson, aðstoðarforstjóri
Geir Þórólfsson, verkefnastjóri á tæknisviði
Stefán Jón Bjarnason, fjármálastjóri

Endurskoðendur:

Kristrún H. Ingólfssdóttir og Sæmundur Valdimarsson hjá KPMG hf.

4.3. Stærstu hluthafar HS Veitna hf.

Við útgáfu lýsingar þessarar er eignarhald HS Veitna hf. eftirfarandi:

Hluthafi	Fjöldi hluta	% eign
Reykjanesbær	892.043.759	66,75%
Orkuveita Reykjavíkur	221.609.343	16,58%
Hafnarfjarðarbær	206.047.937	15,42%
Grindavíkurbær	6.802.886	0,51%
Sandgerðisbær	4.316.403	0,32%
Garður	4.277.099	0,32%
Vogar	1.331.573	0,10%
Heildarhlutafé	1.336.429.000	100%

5. Yfirlit yfir starfsemi HS Veitna hf.

Við uppskiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf. rann veituhluti félagsins til HS Veitna hf. og mun útgefandi eiga og reka þann hluta framvegis. Í 3. grein samþykktar HS Veitna hf., sem samþykktar voru á hluthafafundi félagsins þann 1. desember 2008, kemur fram að tilgangur félagsins er rekstur og eignarhald á dreifiveitum fyrir raforku, kalt og heitt vatn.

Eins og segir í 8. gr. laga nr. 10/2001 um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja nær einkaleyfi útgefanda til starfrækslu hita- og rafveitu innan sveitarfélaga, sem aðild eiga að fyrirtækinu, eftir því sem um semst við einstök sveitarfélög og ríkissjóð um yfirtöku á veitukerfi þeirra.

HS Veitur hf. annast raforkudreifingu á Suðurnesjum, í Hafnarfirði, á Álftanesi, í hluta Garðabæjar, í Vestmannaeyjum og í Árborg. Félagið annast hitaveiturekstur á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum og vatnsveiturekstur að stórum hluta á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum.

HS Veitur hf eiga og nýta ferskvatnslindir á Suðurnesjum, nánar tiltekið á svæði sem kallað er Lágur sem er mitt á milli Svartsengis og dælustöðvar á Fitjum í Njarðvík.

5.1. Helstu þjónustu- og vöruflokkar HS Veitna hf.

Útgefandi selur vatn, bæði hitaveituvatn og ferskvatn. Vatnið er selt til heimila og fyrirtækja á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum.

Útgefandi dreifir rafmagni, hitaveituvatni og neysluvatni á nokkrum dreifisvæðum, ásamt fráveitu. Mismunandi er á milli byggðarlaga hvaða dreifingu HS Veitur hf. annast.

HS Veitur hf. veitir fyrirtækjum, verktökum og einstaklingum ýmsa þjónustu við tengingu á nýjum eða eldri húsum við dreifikerfi.

6. Samantekt fjárhagsupplýsinga

Meðfylgjandi eru valdar fjárhagslegar upplýsingar um útgefanda fyrir árið 2008 ásamt upplýsingum úr samandregnum könnuðum árs hlutareikningi 30. Júní 2009. Ársreikningur 2008 er endurskoðaður og er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn fyrir árið 2008 er áritaður án fyrirvara.

Hér að neðan gefur að líta rekstrartölur úr könnuðum samandregnum árs hlutareikningi fyrir fyrstu 6 mánuði ársins 2009 og einnig tölur úr rekstraryfirliti í skýringum ársreiknings 2008.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna	6m 2009	2008
Rekstrartekjur	1.954.146	3.474.922
Kostnaðarverð sölu	(1.389.155)	(2.386.125)
Vergur hagnaður	564.991	1.088.797
Aðrar tekjur		3.411
Annar rekstrarkostnaður	(255.551)	(435.830)
Rekstarhagnaður	309.440	656.378
Fjármunatekjur	33.571	
Fjármunagjöld	(402.834)	(467.276)
Hagnaður(tap) fyrir tekjuskatt	(59.823)	189.102
Tekjuskattur	16.449	(27.216)
Hagnaður (tap) tímabilsins	(43.374)	161.886

Hér að neðan gefur að líta stöðu efnahags HS Veitna hf. á mismunandi tímabilum. Tölurnar 30.06.2009 koma úr könnuðum árshlutareikningi 30. júní 2009, tölurnar 31.12.2008 úr endurskoðuðum ársreikningi 2008 og tölurnar 01.07.2008 koma úr kannaðri skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf. og könnuðu fráviki frá skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna	30.06.2009	31.12.2008	01.07.2008
Eignir			
Rekstrarfjármunir	14.697.685	14.732.764	16.237.086
Ófenislegar eignir	686.975	692.385	135.706
Eignarhlutir í hlutteilðarfélagum	13.732	15.552	15.552
Fastafjármunir samtals	15.398.392	15.440.701	16.388.344
Rekstrarvörubirgðir	352.903	409.028	287.919
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	966.463	1.080.342	0
Handbært fé	51.717	5.936	0
Veltufjármunir samtals	1.371.083	1.495.306	287.919
Veltufjárhlutfall	2,83	1,69	
Eignir samtals	16.769.475	16.936.007	16.676.263
Eigið fé			
Hlutfé	1.336.429	1.336.429	1.336.429
Lögbundinn varasjóður	334.107	334.107	334.107
Óráðstafað eigið fé	7.083.758	7.127.132	7.778.385
Eigið fé samtals	8.754.294	8.797.668	9.448.921
Eiginfjárhlutfall	52,20%	51,95%	56,66%
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	6.265.974	6.066.424	233.075
Tekjuskattsskuldbinding	551.681	568.130	791.199
Fyrirfram innheimtar tekjur	619.930	616.926	562.644
Aðrar langtímaskuldir	92.771		
Langtímaskuldir samtals	7.530.356	7.251.480	1.586.918
Vaxtaberandi skuldir	77.937	75.432	47.422
Aðrar skammtímaskuldir	345.349	752.301	79.118
Skuld við systurfélag			5.454.292
Fyrirfram innheimtar tekjur	61.539	59.126	59.592
Skammtímaskuldir samtals	484.825	886.859	5.640.424
Eigið fé og skuldir samtals	16.769.475	16.936.007	16.676.263

6.1. Atburðir eftir uppgjörsdag

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil, ársreikningur 2008, var birtur.

Engar mikilvægar breytingar hafa orðið á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda frá birtingu samandregins árshlutareiknings 30. júní 2009.

7. Ástæður fyrir útgáfunni

Tilgangur útgáfu íslensks skuldabréfaflokks er sá að greiða upp viðskiptaskuld útgefanda gagnvart HS Orku hf. að fjárhæð kr. 5.454.292.215. Ástæða þess að nú er gefið út 6.000.000.000 króna er til að útgefandi standi einnig skil á áföllnum vöxtum og verðbótum til útgáfudags skuldabréfaflokksins, dags. 15. desember 2008, að fjárhæð kr. 421.077.076. Búið er að gefa út skuldabréfaflokkinn og hefur útgáfan nú þegar verið seld til HS Orku hf. Áætlaður heildarkostnaður vegna útgáfu og töku bréfanna til viðskipta er um 3.000.000 kr.

8. Taka til viðskipta í kauphöll og fyrirkomulag viðskipta

Skuldabréfin hafa þegar verið skráð í rafrænt kerfi Verðbréfasráningar Íslands hf. sem starfar í samræmi við lög nr. 131/1997, um rafræna skráningu verðbréfa.

Útgefandi hefur sótt um að bréfin verði tekin til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði, sem starfræktur er af NASDAQ OMX Iceland hf. NASDAQ OMX Iceland hf. starfar í samræmi við lög um kauphallir, nr. 110/2007. Hægt verður að taka bréfin til viðskipta í fyrsta lagi þann 20. nóvember 2009.

Ekki hefur verið samið um viðskiptavakt í tengslum við töku skuldabréfanna til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf.

9. Ráðgjafar

Ráðgjafi útgefanda við töku bréfanna til viðskipta hefur verið MP Banki hf. MP Banki hf. hefur verið ráðgefandi varðandi stærð útgáfu, skilmála, vaxtakröfu, markaðsverðmæti bréfanna við sölu, ásamt því að vinna að gerð lýsingarinnar.

10. Skjöl til sýnis

Á líftíma skuldabréfana, geta fjárfestar nálgast eftirfarandi upplýsingar á skrifstofu útgefanda að Brekkustíg 36, Reykjanesbæ. Einnig er hægt að nálgast þessar upplýsingar á heimasíðu útgefanda, www.hsveitur.is.

- Árs hlutareikningur HS Veitna hf., 30. júní 2009
- Ársreikningur HS Veitna hf., 2008
- Skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf.
- Frávík frá skiptingaráætlun Hitaveitu Suðurnesja hf.
- Stofnsamningur og samþykktir HS Veitu hf.